

Mál nr. 14/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.****Nafn váttryggingartaka (X)****Gildissvið váttryggingarskilmála. Matsfrestur.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 18. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti og fylgigögnum varð M, er hann var að störfum í þágu X, fyrir umferðarslysi hinn 17. mars 2015. Með matsbeiðni dags. 23. ágúst 2016 var óskað eftir mati á afleiðingum þess og þriggja annarra slysa sem M hafi orðið fyrir en á þeim tíma þótti ekki tímabært að meta afleiðingar umferðarslyssins þar sem M hafði þá ekki gengist undir aðgerð vegna afleiðinga þess. Sú aðgerð fór fram í október 2018. Hinn 18. febrúar 2021 var þá haldinn matsfundur vegna slyssins og samkvæmt matsgerð dags. 30. júní 2021, var varanlegur miski M vegna þess metinn til 8 stiga. V hafnaði greiðslu bóta úr slysáttryggingu launþega á grundvelli gr. 13.2.5 í skilmálum váttryggingarinnar þar eð mat hefði ekki farið fram innan þriggja ára frá slysdegi. M telur að umrætt ákvæði eigi ekki að leiða til brottfalls bótaréttar enda komi hvergi fram í skilmálum hvaða réttaráhrif það hafi eigi mat á afleiðingum slyss sér stað síðar. Eingöngu sé um að ræða mat á einkennum sem hafi komið fram innan þriggja ára frá slysdegi og bótakröfu vegna tjóns sem hafi komið fram á því tímabili. V hafi verið upplýst um gang mála og þá staðreynd að mat gæti ekki farið fram fyrr en eftir að M hefði gengist undir aðgerð. Einhliða samda skilmála verði að túlka M í hag, með þeim hætti að nægilegt sé að mat fari fram innan þriggja ára. Fyrsti matsfundur hafi farið fram innan þess tímamarks, þ.e. 13. október 2016 og hafi niðurstaða matsgerðar sem lá fyrir 6. febrúar 2017 verið sú að ekki væri tímabært að meta afleiðingar slyssins. Þá vísar M til 36. og 36. gr. c. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umbod og ógilda löggerninga og telur að víkja beri umræddu skilmálaákvæði til hliðar enda sé, með hliðsjón af atvikum öllum, ósanngjarnt af hálfu V að bera það fyrir sig.

Í bréfi V er rakið að í matsgerð, dags. 6. febrúar 2017, þegar tæp tvö ár voru liðin frá slysdegi, hafi komið fram að ekki væri tímabært að leggja mat á afleiðingar slyssins. Samkvæmt gögnum málsins hafi M svo ekki leitað til bæklunarlæknis vegna afleiðinga slyssins 17. mars 2015 fyrr en í maí 2018, þegar rúm þrjú ár voru frá slysdegi og rúmt ár dagsetningu fyrrnefndrar matsgerðar. Ekkert hafi gerst í máli M frá því matsgerðin lá fyrir í febrúar 2017 og þar til ný matsgerð barst V í júlí 2021. Í millitíðinni hafi V ekki verið tilkynnt um að til stæði að kalla eftir nýrri matsgerð. Umþrætt skilmálaákvæði kveði á um að örorka skuli að jafnaði metin einu ári eftir slys, annars þegar læknir telji varanlega afleiðingar þess komnar í ljós en þó eigi síðar en þremur árum eftir slysdag. Ákvæðið sé skýrt, hafi margsinnis verið staðfest af dómstólum og verði ekki túlkað öðru vísi en samkvæmt orðanna hljóðan. Umræddur frestur hafi því verið liðinn þegar matsgerð vegna slyssins lá fyrir og ekki hafi verið farið fram á það af hálfu M að V félli frá því að bera fyrir sig umræddan þriggja ára frest. Hafi tómlæti M, sem auk þess hafi notið aðstoðar lögmans, því verið algjört.

Álit.

Ágreiningur málsaðila snýst um gildissvið ákvæða í váttryggingarskilmálum V, sbr. gr. 13.2.1 og 13.2.5 þar sem gert er ráð fyrir því að örorka sé metin innan þriggja ára frá slysdegi. Ljóst er af gögnum málsins að M gerir kröfu um greiðslu bóta vegna slyss sem átti sér stað 17. mars 2015, á grundvelli matsgerðar sem er dags. 30. júní 2021, eða rúmum sex árum og þremur mánuðum eftir slysið. Þá voru liðin fjögur ár og fjórir mánuðir frá því fyrri matsgerð lá fyrir. Þegar umþrætt ákvæði er metið með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 604/2017 verður ekki hjá því komist að líta svo á að með þeim dómi hafi rétturinn staðfest fyrri niðurstöðu sína í máli nr. 22/2004 um að einhliða samin ákvæði um matsfrest í váttryggingarskilmálum væru hvorki óeðlileg eða óvenjuleg þannig að víkja bæri þeim til hliðar á grundvelli 36., 36. gr. b. eða 36. gr. c. laga nr. 7/1936. Þá er ekki sýnt fram á að V hafi samþykkt að víkja frá framangreindu skilmálaákvæði og verður því kröfu M samkvæmt framansögðu hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V vegna þess slyss er hann varð fyrir hinn 17. mars 2015.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir